

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2012.

Á skýrslufundi (aðalfundi) sem haldinn var 8. desember 2011 í húsakynnum Nýherja hf að Borgartúni 37 í Reykjavík voru þau Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns kosin í stjórn Öldungadeildar. Varamaður í stjórn var kjörinn Ágúst Úlfar Sigurðsson.

Félagsstarf

Þrjú stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Sá fyrsti þann 14. febrúar hjá Teris í Hlíðasmára 19, Kópavogi og var Þorsteinn Hallgrímsson þá kosinn formaður stjórnar. Aðrir fundir voru haldnir þann 3. október, hjá Þorsteini Hallgrímssyni í Goðalandi 17, Reykjavík og þann 5. desember hjá Borgun, Ármúla 30, Reykjavík. Þakka ber fyrir veitingar á fundunum.

Minjasöfnun

Mikið átak var gert í að safna eldri búnaði, skrá hann og mynda, og búa um hann til geymslu. Ákveðið var að skrá búnaðinn í Excel töflureikni en þaðan má þegar þörf krefur flytja gögnin í fjölhæfari gagnagrunn.

Safnað var saman búnaði frá Orkuveitu Reykjavíkur, Arionbanka á Akranesi, ORG, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Reiknistofnun Háskóla Íslands ásamt þeim búnaði sem Sigurður Bergsveinsson hefur safnað og varðveitt. Var hann skráður, myndaður og pakkað í stóra kassa sem geymdir eru í geymslu Nýherja hf, Köllunarklettsvegi 8 í Reykjavík. Að verkinu komu: Hjálmtýr Guðmundsson, Jóhann Gunnarsson, Sigurður Bergsveinsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns.

Nýherji hf á miklar þakkir skyldar fyrir stuðning sinn en sá hængur er á að Nýherji telur sér ekki fært að varðveita búnaðinn til framtíðar fyrir Öldungadeild Ský án þess að eiga hann og hafa umráðarétt yfir honum, enda reyndist búnaðurinn mun fyrirferðarmeiri en ætlað var. Stjórn Öldungardeildar ræddi þetta ítarlega og varð niðurstaðan sú að stjórnin samþykkti að afhenda Nýherja búnaðinn til eignar með þeim skilyrðum að Nýherja er ekki heimilt að farga, selja, gefa eða afhenda þriðja aðila búnaðinn án samþykkis Öldungadeildar Ský, og að Nýherja er skylt að afhenda þann búnað til sýningar sem Öldungadeild Ský óskar eftir. Nýherji samþykkti þetta og undirritaðu formaður Öldungardeildar og Þórður Sverrisson forstjóri Nýherja samkomulag um þetta í þann 4. febrúar 2013.

Ljóst er að ekki er unnt að bæta meiru við hjá Nýherja hf. Því er sérstaklega brýnt að huga að búnaði sem vitað er um að vistaður er hjá fyrirtækjum og jafnvel einstaklingum. Rætt hefur verið við ýmsa einstaklinga og fyrirtæki um varðveislu búnaðar í þeirra eigu og hafa undirtektir verið góðar. Má þar m.a. nefna búnað frá DEC, HP, Wang, Texas Instrument, Iðntækni, Data General og Apple. Hjá Arion banka í Mosfellsbæ er talsvert af hraðbönkum en beðið verður með að ákveða hvaða hraðbanka rétt er að varðveita.

Stærsta safnið sem vitað er um er í eigu og vörslu Landsbankans og hefur Öldungadeildboðið fram aðstoð við að pakka búnaðinum í kassa og skrá það sem óskráð er. Því var vel tekið og verður væntanlega fljótlega hafist handa við það.

Söguvefur

Á síðasta skýrslufundi var töluverð umræða um söfnun upplýsinga um sögu upplýsingatækninnar á Íslandi og hvernig best væri að safna þeim saman og halda til haga þannig að sagan verði aðgengileg seinni kynslóðum. Því er enn skorað á alla sem eiga óskráðar minningar, eða minjar, að koma þeim á framfæri með einhverjum hætti. Einnig var rætt var að hafa samband við HÍ um að fá nema í Mastersnámi til að skrifa ritgerð um sögu tölvutækninnar á Íslandi. Það var gert en hefur ekki enn borið árangur.

Á árinu hefur bæst talsvert við vefinn, þ.e. minningar frá Helga Sigvaldasyni og grein um upphaf hraðbanka á Íslandi eftir Val Valsson f.v. bankastjóra Iðnaðarbankans. Þá hefur fengist leyfi til að setja grein um PC-væðinguna á Íslandi í safnið. Énnig má geta þess að ISNIC hefur ráðið sagnfræðing til að skrá sögu internetsins og að fyrir síðustu jóla kom út bókin Saga 0-sins en þar er komið inn á baráttuna um að tryggja íslenska stafrófið í ISO 8859-1 stafatöflunni.

Ráðstefnur

Ekki voru, svo vitað sé, sóttar ráðstefnur er tengjast markmiðum Öldungadeildar.

Húsnæðismál

Enn eitt ár er liðið án þess að miðað hafi í húsnæðismálum fyrir upplýsingatæknisafn.

Lokaorð

Það er að sjálfsgöðu markmið Öldungardeildar að efla starfið og fjölga meðlimum og með hjálp framkvæmdastjóra Ský (Arnheiðar Guðmundsdóttir) fjölgaði meðlimum talsvert eða úr 36 í 51. Formaður biður núverandi meðlimi að hafa beint samband við þá sem þeir þekkja og hvetja þá til að gerast meðlimi.

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2012 skal hér með þakkað af alhug.